

Albert Jónsson

## Utanríkisstefna Rússlands: helstu áhrifaþættir

Mars 2018

### Formáli

<b>Utanríkisstefnan 2003-2014.....</b>	<b>2</b>
<b>Helstu áhrifaþættir.....</b>	<b>5</b>
Varðveisla ríkisvaldsins – Áhrifasvæðið - „Litabyltingar“ í Georgíu og Úkrænu – Hernaðaríhlutunin í Sýrlandi 2015	
<b>Horfur í samskiptunum við vesturlönd.....</b>	<b>12</b>
Horfur – Trump stjórnin - Tölvu- og netárásir og undirröður á samskiptamiðlum	
<b>Hernaðargeta.....</b>	<b>17</b>
Efnahagurinn og herinn – Hergagnaframleiðslan – Norðurflotinn – Langdrægar flugvélar	
<b>Norðurslóðir.....</b>	<b>23</b>
<b>Hernaðarstefna Rússlands og staða Íslands.....</b>	<b>24</b>
Líkur á alvarlegum hættutíma í alþjóðamálum? – Staða Íslands – Rússland, NATO og Eystrasaltsríkin	
<b>Niðurstöður.....</b>	<b>27</b>

### Formáli

Að setja upphafspunkt við árið 2003 afmarkar verkefnið og undirstrikar áhrifaþætti í utanríkisstefnu Rússlands, sem um það leyti fóru að verða mun meira áberandi en áður hafði verið eftir fall Sovétríkjanna. Þessir þættir voru

síðar ráðandi hvað varðaði hernaðarlega íhlutun Rússa í Úkrænu. Hún hófst 2014 og markaði þáttaskil í samskiptum Rússlands og vesturlanda.

Í ritgerðinni er fjallað um helstu þætti sem ráða för í rússneskum utanríkismálum þannig þó að ekki er farið náði út í áhrif innanlandspátta eins og eðli stjórnvaldsins og einkenni stjórnmalakerfisins. Þá telja ýmsir sem tjá sig um utanríkisstefnu Rússlands að það þjóni hagsmunum stjórnvalda að hafa herskáa utanríkisstefnu og kynda undir andúð á vesturlöndum því það leiði athygli frá því að efnahagur og lífskjör almennings fari versnandi.

Slíkt kann vel að eiga við tiltekna yfirlýsingar ráðamanna. Áherslan í þessari ritgerð er hins vegar á áhrifaþætti í utanríkisstefnu Rússlands, sem eiga djúpar sögulegar rætur og hafa sett mark sitt á hana um aldir og jafnframt á stjórnarfarið.

Þegar kemur að því að fjalla um hernaðargetu og hernaðarstefnu Rússlands skoða ég sérstaklega norðurslóðir og norðurhöf vegna stöðu Íslands. Það felur í sér stutta upprifjun á sumu af því sem kom fram í ritgerð sem birtist á vefsíðunni 4. mars 2018 og var um **Stöðu Íslands í þjóðaröryggisstefnu Bandaríkjanna 1917-2017**. Sama á við um sumt af því sem hér segir um rússneska Norðurflotann.

### Utanríkisstefna Rússlands 2003-2014

Það var í nóvember 2003 að rósabyltingin svonefnda hófst í Georgíu, kennd við þann atburð er andófsfólk réðist inn í fundarsal þings landsins haldandi á rósum. Bylting þessi spratt úr mótmælum vegna umdeilda þingkosninga í landinu og náði hámarki þegar Eduard Shevardnadze forseti hrökklaðist frá völdum. Hann var frá Sovéttímanum, hafði verið leiðtogi kommúnistaflokks Sovéttýðveldisins Georgíu og síðar utanríkisráðherra Sovétríkjanna á tímum Gorbatsjovs á seinni hluta níunda áratugarins.

Rósabyltingin knúði fram nýjar forseta- og þingkosningar í Georgíu. Leiðtogi stjórnarandstöðunnar, og sá sem fór fyrir atlögunni að þinghúsinu, varð forseti. Í kjölfar stjórnarskiptanna stefndi Georgía mjög ákveðið að nánú samstarfi við bæði NATO og ESB með aðild að þessum samtökum að endanlegu markmiði.

Ári síðar, í nóvember 2004, brutust út mótmæli í Úkrænu eftir forsetakosningar, sem leiddu Viktor Yanukovich til valda en einkenndust af spillingu og kosningasvindli. Þetta var „appelsínugula“ byltingin, kölluð svo eftir þannig litum borðum sem mótmælendur báru. Þúsundir þeirra héldu til í miðborg Kiev

þar til kosningarnar voru ógiltar af hæstarétti landsins og efnt til nýrra. Þær fengu gæðastimpil erlendra eftirlitsaðila og nýr forseti, Viktor Yushchenko, tók við eftir sigur á Yanukovich.

Ólgan í Georgíu og Úkrænu og niðurstaða mála voru áföll fyrir Rússlandsstjórn og mörkuðu upphaf þróunar, sem leiddi til innrásar Rússa í Georgíu 2008, til innlimunar Krímar í Rússland í mars 2014 og upp úr því hernaðaríhlutunar í Úkrænu. Íhlutunin var til stuðnings uppreisnarmönnum rússneska minnihlutans á Donbass svæðinu í austurhluta landsins. Rússnesk stjórnvöld neita aðild að málum og þvertaka fyrir að hermenn eða aðrir útsendarar á þeirra vegum séu í Donbass. Því er almennt ekki trúað og að auki augljóst hvaðan vopnin koma sem notuð eru af uppreisnarmönnum.

Íhlutunin í Úkrænu snerist, líkt og í Georgíu, um að koma í veg fyrir að tekin yrðu upp nánin samskipti við ESB og NATO og í kjölfarið stefnt að aðild þessum samtökum.

Samskipti Vesturlanda og Rússlands réttu við eftir innrásina í Georgíu 2008, en við atburðina í Úkrænu - innlimun Krímar og íhlutunina í átökin í Donbass fyrir hönd uppreisnarmanna þar - snarversnuðu þau. Nú hafði rússneska stjórnin með enn grófari hætti að segja má en í Georgíu traðkað á alþjóðalögum og stefnt öryggisfyrirkomulagi í Evrópu eftir kalda stríðið í uppnám. Jafnframt urðu Rússar meira ögrandi en áður hernaðarlega með umfangsmiklum heræfingum, einkum nálægt Úkrænu og Eystrasaltsríkjunum.

Hernaðaríhlutun Rússa í átökin í Sýrlandi haustið 2015 bætti í og leiddi til enn stíðari samskipta en þegar var orðið við vesturlönd, en einkum Bandaríkin. Íhlutunin réðist af miklu leyti af sýn Rússlandsstjórnar á alþjóðamálin og alþjóðakerfið. Einkum snerist þetta þó um óánægju hennar vegna ráðandi stöðu Bandaríkjanna í kerfinu og vegna íhlutunar vesturlanda undir forystu Bandaríkjamanna í innanlandsmál ríkja til að skipta um stjórnarherra og hafa í kjölfarið áhrif á þróun mála og uppbyggingu nýrra stjórnarháttanna.

Ergelsi og pírtingur rússneskra stjórnarherra að þessu leyti hafði aukist verulega með íhlutun NATO ríkja í borgarstyrjöldina í Líbíu 2011 fyrir hönd uppreisnarmanna, sem leiddi til þess að Gaddafi, einræðisherra, var hrakinn frá völdum og tekinn af lífi. Stjórnin í Moskvu lét gremju sína vegna Líbíu skýrt í ljós sem og almenna óánægju með stefnu vesturlanda, en einkum Bandaríkjanna, um afskipti af innanlandsmálum annarra ríkja. Hvað Sýrland varðaði var Rússlandsstjórn alfarið andvíg stuðningi vesturlanda við uppreisnarmenn og var eindregið á því að Assad, Sýrlandsforseti sæti áfram við völd.

Rússar héldu reyndar fram að barátta gegn hryðjuverkaöflum réði íhlutun þeirra í stríðið í Sýrlandi. Hernaður rússneska flughersins þar var þó miklu fremur til að styðja stjórnaherinn en herja á liðsmenn Íslamska ríkisins. Að auki voru allir stjórnarandstæðingar skilgreindir af hálfu Rússa og Assads sem hryðjuverkamenn.

Að svo komnu gengur flest að óskum Rússa með hernaðaríhlutuninni í Sýrlandsstríðið. Hún hefur styrkt stöðu þeirra í Miðausturlöndum, gefið þeim „sæti við borðið“ sem stórveldi þannig að engin lausn er nú möguleg í Sýrlandi án samþykkis þeirra og íhlutunin og frammistaðan hafa aukið enn á aðdáun heima fyrir á Putin.

Samskipti Rússlands við vesturlönd hafa af þessum sökum öllum versnað mjög og orðið allt önnur en verið hafði frá hruni Sovétríkjanna og fram á fyrsta áratug 21. aldar. Þar til á fyrstu valdaárum Putins upp úr 2000 voru samskiptin í aðalatriðum án alvarlegs ágreinings og spennu, þótt vissulega stæðu fleinar í holdi Kremlverja, svo sem vegna stækkunar NATO, eldflaugavarnaáætlananna Bandaríkjanna, Kósóvó stríðsins og framferðis Rússa í Tsjetsnúa. Einnig kom til hvernig ESB horfði austur á bóginn í átt til nánari samvinnu við fyrrum Sovétlýðveldi þar á meðal Georgíu og Úkrænu. „Lita“ byltingarnar í þessum löndum gerðu Rússa tortryggna í garð Vesturlanda, sem þeir sökuðu um að kynda undir innanlandsóróa, það varð grynnra á andúð þeirra á Bandaríkjunum. Ólíkt gildismat varð sífellt meira áberandi einkenni samskiptanna við vesturlönd.

Á sama tíma varð þróun innanlandsmála í Rússlandi að æ meira ágreiningsefni í samskiptunum, eftir því sem Putin herti tókin heima fyrir. Rússneska þingið varð í síauknum mæli verkfæri stjórnarinnar í skjóli yfirburðastöðu Sameinaðs Rússlands, flokks sem styður Putin. Í kosningakerfinu var búið þannig um hnútana að stjórnarandstaðan átti æ erfiðara uppdráttar, dómstólar urðu meira og minna taglhnýtingar stjórnvalda, lagasetning setti sífellt ríkari skorður við málfrelsi og netnotkun, sem og við möguleikum fólks til að taka þátt í mótmælum og við starfsemi fjálsra félagasamtaka og svo mætti áfram telja.

Stjórnarherrarirnir urðu sífellt uppteknari af því að stemma stigu við hugsanlegum óstöðugleika í nágrannaríkjum og heima fyrir vegna þess sem þeir sögðu vera ásælni og undirróður vesturlanda. Þau hefðu ásamt handbendum þeirra innanlands einmitt átt sökina á litabyltingunum í Georgíu og Úkrænu. Meðal annars varð til grundvallarágreiðingur við vesturlönd hvað þetta varðaði vegna frjálsra félagasamtaka sem nutu fjárhagsstuðnings utan frá og voru þar með álitin þjónar erlendra ríkja líkt og forsetinn sagði það tæpitungulaust. Og í síauknum mæli lýstu rússneskar ríkissjónvarpsstöðvar, sem langflestir Rússar fá

mestallar sínar fréttir frá, vesturlöndum, NATO og ESB á neikvæðum nótum, en Bandaríkin fengu stærstan skammt. Í sýn fjölmiðlanna var Rússland einstakt í flestu tilliti, en átti undir högg að sækja, landráðaöfl væru víða og vesturlönd að baki.

Á tímabilinu 2003-2014 urðu þannig stig af stigi aftur ráðandi í utanríkisstefnu Rússlands áhrifaþættir, sem ásamt þjóðernishyggju stóðu djúpum rótum í rússneskri sögu; og hagsmunir sem í augum Kremlverja tengjast tilvistarógn sem í grundvallaratriðum kemur að utan. Samskiptin við vesturlönd, einkum Bandaríkin, versnuðu mjög og hefur ekki dregið úr. Þvert á móti. Úkrænudeilan er enn til staðar, íhlotun Rússa og mannskæð átök halda þar áfram, Krím verður ekki skilað segja rússnesk stjórnvöld, og Sírlandsstríðið geisar enn með stórfelldri íhlotun rússneska flughersins. Gremja, tortryggni og óvild rússneskra stjórnvalda í garð vesturlanda, en einkum Bandaríkjanna, hefur ágerst og birtist þannig í ræðu og riti að nú er stundum talað um nýtt kalt stríð milli þessara aðila.

### **Helstu áhrifaþættir í utanríkisstefnunni**

Ráðandi þættir í utanríkisstefnu Rússlands hafa sett mark sitt á hana um aldir sem og á stjórnarfarið. Rússar hafa löngum verið uppteknir af því að þeir búi við landfræðilegar aðstæður sem greiði leið erlendra herja inn í landið eins og sagan geymi vond dæmi um frá Mongólum til Napóleons og áfram til Þriðja ríkis nasista. Þessi veikleiki er talinn krefjast þess að Rússar hafi þau tök á nágrannaríkjum sem þurfi. Þau séu stuðpúði gegn erlendri ógn. Þetta skipar nágrannaríkjum á áhrifasvæði Rússa þar sem þau njóta ekki sjálfstæðis heldur verða að fara að vilja Moskvustjórnarinnar þegar henni svo sýnist. Jafnframt er rík áhersla á að tryggja öflugt ríkisvald í Rússlandi til að gæta öryggis lands og þjóðar við þessar aðstæður allar og gegn erlendum undirróðri. Meginþættirnir, áhrifasvæðið og ríkisvaldið, eru nátengdir í augum rússneskra valdhafa.

#### *Varðveisla ríkisvaldsins*

Einn helsti áhrifaþátturinn í rússneskri utanríkisstefnu samtímans lýtur að varðveislu ríkisvaldsins. Þá er átt við ríkisvald í rússneskri merkingu sem svo má kalla það. Á vesturlöndum er litið þannig á í grunninn að öryggi, velferð, framfarir og stöðugleiki séu einkum og endanlega árangur lýðræðis, mannréttinda, réttarríkisins og eignaréttarins. Í Rússlandi er hins vegar gjarnan

litið svo á að öflugt ríkisvald er sé lykillinn að velferð, öryggi og stöðugleika. Lýðræði og réttarríkið mæta að segja má afgangi hvað þennan hugsunarhátt varðar.

Jafnframt trúnni á lykilhlotverk ríkisvaldsins við að tryggja velferð, öryggi og stöðugleika, er ótti við að grafið verði undan því. Sú hræðsla er rík í sinni leiðtoganna og birtist reglulega í máli þeirra.

Putin stjórnin hefur verulega eftl miðstjórnarvald ríkisins. Til þess hefur hún byggt á stjórnarskrá Rússlands frá 1993 og ríkri áherslu í henni á forsetaræði. Jafnframt hafa aðrar helstu stofnanir veikst, þ.e. fylkisstjórnir, þing, dómstólar, fjölmiðlar. Þá hefur stjórnin um margra ára skeið verið vaxandi einkenni valdboðsstjórnar (auhoritarian).

Allt snýst um að tryggja ríkisvaldið í sessi og stuðla að varðveislu þess. Óttinn við að grafið verði undan því utan frá birtist meðal annars þannig að þrengt hefur verið að frjálsum félagsamtökum af ýmsu tagi einkum, sem hafa tengsl út á við eða njóta fjárhagslegs stuðnings utanfrá. Einnig er þrengt mjög að netnotkun og fjölda netsíða hefur verið lokað.

Í samræmi við áhersluna á varðveislu ríkisvaldsins í Rússlandi birtist í stefnunni hörð andstaða við íhlutun erlendra ríkja í málefni annarra. Þetta birtist í harðri gagnrýni og andófi gegn stefnu vesturlanda, en einkum Bandaríkjanna á að hlutast til um stjórnarskipti í ríkjum eins og Írak, Líbíu og Sírylandi.

Í kjölfar arabíska vorsins svonefnda, sem byrjaði í Egyptalandi 2010, og mótmælaaðgerða í helstu borgum Rússlands eftir kosningar 2011 og 2012 hófu rússneskir leiðtogar að tala enn oft um hættu sem Rússlandi stafaði af erlendum undirróðri. Hann hefði óróleika og óstöðugleika innanlands að markmiði í þeim tilgangi að koma stjórnvöldum frá. Hvað Úkraenu varðaði kváðu þeir engan vafa leika á því að Bandaríkin og einstök ESB ríki hefðu haft ríkulega hönd í bagga þegar Yanukovich forseta var hrakinn frá völdum í febrúar 2014.

### *Áhrifasvæðið*

Eftir fall Sovétríkjanna 1991 kom stjórn Borisar Yeltsin, forseta, á Samveldi sjálfstæðra ríkja (Commonwealth of Independent States (CIS)). Það samanstóð af Rússlandi og öðrum fyrrum Sovétlýðveldum nema Eystrasaltsríkjunum, sem ekki var boðin þátttaka enda ljóst að þau hefðu ekki áhuga. Þá var Úkraena aukaaðili.

Af hálfu Rússa stóð til að samveldið þjónaði þeim tilgangi meðal annars að viðhalda sameiginlegu fyrirkomulagi í varnarmálum og sameiginlegu efnahagssvæði. Núna eru sex samveldisríki í varnarbandalagi (Collective Security Treaty Organisation), þ.e. Rússland, Hvíta Rússland, Armenía, Kasakstan, Kyrgistan og Tajikistan, og er bandalag þetta undir hatti Samveldisins. Sama á við Evróasíska efnahagssambandið (Eurasian Economic Union), þ.e. Rússland, Armenía, Hvíta Rússland, Kasakstan og Kyrgistan.

Allt frá falli Sovétríkjanna hefur verið litið svo á í Moskvu að samveldið snerist um rússneska lykilhagsmuni. Meira að segja á Yeltsin tímanum var tekið fram að ekki væri útilokað að Rússar beittu hervaldi í fyrrum Sovétlýðveldum ef þess þyrfti við til að tryggja öryggi fólks af rússnesku bergi.

Hér er komið að lykilþætti í utanríkisstefnunni. Hann lýtur að því að tryggja ítök á áhrifasvæði Rússlands, en þannig er litið á fyrrum Sovétlýðveldi, nema Eystrasaltsríkin.

Í augum Moskvustjórnarinnar byggist þetta á því að þessi ríkin á áhrifasvæðinu tengjast Rússlandi nánum böndum af sögulegum og efnahagslegum ástæðum og í sumum tilfellum einnig af menningarlegum og trúarlegum sökum. Þá býr rússneskur minnihluti í þeim vel flestum, sumsstaðar hluti af langri sögu, líkt og í Úkrænu, annarsstaðar fyrst og fremst leifar af sovéska heimsveldinu og stefnu þess, svo sem í Georgíu og Kazakstan. Hvort heldur er láta rússnesk stjórnvöld og almenningur sér annt um öryggi þessa fólks. Aðallega er litið á áhrifasvæðið sem stóran þátt í að tryggja öryggi Rússlands sjálfs. Áhrifasvæðið er stuðpúði (buffer) sem svo má kalla gegn utanaðkomandi ógn.

Af öllu þessu leiðir að ríkjum á áhrifasvæðinu leyfist ekki, frá sjónarhóli Kremlverja, að hegða sér með einhverjum þeim hætti sem stangast á við hagsmuni Rússlands. Þar á meðal er að hafa nán tengsl við ríki eða samtök utan svæðisins enda ráði Moskva ekki yfir þeim. Aðild ríkja á áhrifasvæðinu að NATO og ESB er því talin óásættanleg.

Það þýðir að fullveldi og sjálfsákvörðunarréttur ríkjanna á áhrifasvæðinu er virtur að vettugi ef svo ber undir. Ennfremur er að baki stefnunni vilji til að hlutast til um innri málefni nágrannaríkja og endanlega hótun um að beita hervaldi ef þurfa þykir.

Af því Eystrasaltsríkin eru orðin aðilar að NATO falla þau ekki undir áhrifasvæðið. Engu að síður eru uppi vissar áhyggjur í bandalaginu af ásælni og undirróðri í þeirra garð af hendi Rússa líkt og síðar verður vikið að.

*„Litabyltingar“ í Georgíu og Úkrænu*

Frá sjónarhóli Kremlverja eru nán tengsl milli þess sem gerist á áhrifasvæðinu annars vegar og varðveislu ríkisvalds í Rússlandi hins vegar. Ógn við innanlandsstöðugleika í ríkjum á áhrifasvæðinu er skilgreind sem ógn við Rússland. Hin erlendu öfl eru oftast Bandaríkin og bandamenn þeirra í NATO og ESB, sem gjarnan er þó litið á sem leppa stjórnarinnar í Washington.

Mestu skiptir ef órói í ríki á áhrifasvæðinu tengist hugsanlegum breytingum á utanríkisstefnu viðkomandi. Þannig voru rússnesk stjórnvöld tiltölulega róleg yfir harkalegum mótmælum og stjórnarskiptum í kjölfarið í Kyrgyztan 2005. Sú atburðarás hófst með „túlípanabyltingu“ en þrátt fyrir þá skírskotun til atburðanna í Georgíu og Úkrænu 2003 og 2004 hélt Moskvustjórnin ró sinni enda ekki ætlun stjórnarandstæðinga í Kyrgyztan að breyta utanríkisstefnu landsins og yfirgefa áhrifasvæðið. Þvert á móti lýstu þeir yfir að það væri ekki ætlan þeirra.

Stjórnvöld í Kreml hafa hins vegar haft áhyggjur af stjórnmalapróun í Moldóvu og viss afskipti af henni, enda snýst hún um tengsl út fyrir áhrifasvæðið, einkum löngun til að ganga í ESB. Landið hefur samstarfssamning við ESB (Association Agreement) og hefur haft tengsl við NATO (Partnership for Peace) frá 1994. Í Transnistríu, héraði í austurhluta Moldóvu, eru slavar í meirihluta, aðallega Rússar og Úkrænar, sem óttuðust að lenda undir Rúmeníu. Héraðið lýsti yfir sjálfstæði við fall Sovétríkjanna og 1992 kom til átaka íbúanna við stjórnvöld í Moldóvu. Eftir það kraumar undir. Rússar tryggja ítök og áhrif með þeim hætti að halda úti liði í Transnistríu.

Í Georgíu kom til innrásar Rússa 2008 og í kjölfarið halda þeir úti "friðargæsluliði" í tveimur héruðum í Georgíu, Abkhazíu og Suður Ossetíu, sem bæði hafa lýst yfir sjálfstæði og hlotið viðurkenningu Rússa og nokkurra vinaríkja þeirra.

Þannig sýna Rússar vald sitt, tryggja ítök sín og taka sér um leið í reynd neitunarvald yfir stefnu ríkja á áhrifasvæðinu í utanríkismálum. Svo lengi sem þessi staða er uppi í Georgíu, þ.e. föst átök (frozen conflict) eins og það er kallað, fær landið hvorki aðild að ESB né NATO og þannig ætla Rússar að hafa það. Svipað á í grunninn við stefnu Rússa í Moldóvu þótt það birtist ekki með svo ákveðnum hætti þar og í Georgíu, enda ekki þurft enn sem komið er.

Í augum rússnesku stjórnarinnar er Georgía lykilstaður í strategísku tilliti á Kákasus svæðinu af því landið er staðsett milli Rússlands og Tyrklands, Kaspíahafs og Svartahafs. Gegnum aldirnar hafa Tyrkir Íranar, Mongólar og Rússar sóst eftir að ráða Georgíu vegna landfræðilegrar legu hennar. Nú á



tímum bætist við að um Georgíu liggur frá Baku í Azerbajjan olíuleiðsla til hafnar á Miðjarðarhafsströnd Tyrklands og ennfremur gasleiðsla til Tyrklands sem á að halda áfram til ESB. Loks tengist Kákasus svæðið náði ótta Rússa við róttæka Islamista og hryðjuverkaöfl.

Úkræna hefur sérstaka stöðu í augum Rússa og eins og fyrr var nefnt var litabyltingin 2004 alvarlegt áfall í augum Rússlandsstjórnar. Úkræna er stórt land og fjölmennt með löng landamæri að Rússlandi og nánin söguleg, trúarleg og menningarleg tengsl eru þarna á milli. Úkræna var löngum hluti af rússneska keisaradæminu og síðar Sovétríkjunum. Krímskagi var ekki hluti af úkrænska Sovétlýðveldinu þar til Krútsjoff lét hann af hendi til Úkrænu í bríaríi árið 1954 – og þó ekki, því tilgangur hans með gjöfinni var að efla einingu Rússa og Úkræna og „órjúfanleg vinabönd“ milli þjóðanna. Það hvarflaði ekki annað að honum en að Sovétríkin væru komin til að vera um langa framtíð.

Litabyltingin í Úkrænu 2004 ógnaði því djásni í krúnunni í hugum Kremlverja, og það sem meira var, gat orðið fyrirmynd að breytingum og óróa í Rússlandi, sem þeir voru staðráðnir í að hindra. Þeir ætluðu ekki að fá stemmninguna sem var á Maidan torgi í miðborg Kiev í kringum áramótin 2013/14 heim á Rauða torgið.

Haustið 2013 sló aftur alvarlega í brýnu milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Úkrænu. Samskiptin við ESB léku stórt hlutverki og þegar Yanukovich forseti, sem Rússar studdu, ákvað að undirrita ekki viðskipta og samstarfssamning við ESB brutust út mikil og hörð átök á Maidan torgi í Kiev. Hinn 20. febrúar lét Yanukovich leyniskyttur skjóta á mótmælendur og tugir féllu. Atburðarásin snerist í höndum forsetans sem neyddist til að flýja land og var settur af með ákvörðun þingsins.

Rússneskir ráðamenn fylgdust reiðir með. Valdarán sögðu þeir og framið að að undirlagi ESB ríkja og Bandaríkjanna. Upp úr þessu, í mars, innlimuðu þeir Krímskaga meðal annars og ekki síst, að talið er, til að koma í veg fyrir að bækisstöðvum Svartahafsflota Rússa á skaganum stafaði hætta af upplausnarástandi í Úkrænu. Þarna er eini aðgangur flotans að Svartahafi. Einnig var verið að tryggja öryggi íbúa Krímar, sem voru af rússnesku bergi, og þar lá opinbera réttlætingin þótt það væri vissulega raunverulegt markmið að tryggja velferð fólksins. Í framhaldinu hófu Rússar hernaðaríhlutun á Donbass svæðinu í suðaustur Úkrænu til stuðnings uppreisnarmönnum af rússneskum uppruna.

Í stuttu máli er endanlegt markmið Moskvustjórnarinnar með íhlutuninni að knýja fram stjórnarskrárbreytingu sem veiti héruðunum aukin völd. Það þýðir í

reynd að rússneska minnihlutanum í landinu er veitt neitunarvald yfir stefnu Úkrænu, einkum til að koma í veg fyrir að hún gangi í NATO eða ESB.

Það er ljóst í augum rússneskra stjórnarherra að þátttaka ríkja á áhrifasvæðinu í NATO og ESB mundi leiða til enn frekari óæskilegra breytinga innanlands. Þá mundi aðild að ESB ógna stöðu viðskipta landanna við Rússland og ennfremur mundi hún færa formlegt áhrifa og ákvörðunarvald stofnana sambandsins og regluverk þess inn í bakgarð Rússa. Loks yrðu breytingar í kjölfar aðildarinnar fyrirmynd að óæskilegum breytingum í Rússlandi sjálfu.

Stefna Rússlandsstjórnar um varðveislu ríkisvaldsins og full ítök á áhrifasvæðinu snýst frá hennar sjónarhóli fyrst og síðast um vörn gegn erlendum áhrifum. Það er því ekki að undra að þeim verði tíðrætt um litabyltingar, erlendan undirróður og ógn við öryggi Rússlands.

Til marks um þennan þankagang allan er að Rússlandsher heldur reglulega stóra heræfingu í vesturhluta landsins. Æfingin nefnist Zapad (vestur) og fór síðast fram 2017. Aðrar reglulegar æfingar sem tengjast áhrifasvæðinu eru Kavkaz (Kákasus), Tsentr (miðjan) og Vostok (austur). Í Zapad 2017 æfingunni, sem fór aðallega fram í Hvíta Rússlandi, var gengið út frá að stjórn landsins væri ógnað af „öfgahópum“ sem nytu stuðnings utanfrá, meðal annars með hergagnasendingum. Rússlandsher brást til varnar stjórnvöldum í Hvíta Rússlandi.

Stefna Rússlands á áhrifasvæðinu snýst um að bregðast við frumkvæði annarra og ógn. Þannig séð er hún varnarstefna. Það dregur ekki úr því að stefna um að setja fullveldi ríkja og sjálfstæði þær skorður sem við blasa, og hafa hótun um valdbeitingu að baki, er ekki varnarstefna, heldur er hún í grunninn árásarstefna.

### *Hernaðaríhlutunin í Sýrlandi 2015*

Á áhrifasvæðinu er Rússlandsstjórn í eigin sinni að bregðast við ytra áreiti og því í vörn. Íhlutun hennar í átökin í Sýrlandi haustið 2015 var af öðrum toga.

Þar tók Rússlandsstjórn frumkvæði svo um munaði. Það átti ekki síst rætur í ríkri tilfinningu um að öðrum ríkjum, en einkum Vesturlöndum og þó aðallega Bandaríkjunum, bæri að koma fram við Rússland eins og stórveldi en gerðu það ekki.

Samt er Rússland ekki stórveldi í hernaðarlegu tilliti, eins og komið verður komið að hér á eftir, og enn síður efnahagslega. Það kemur ekki í veg fyrir metnað valdhafanna og elítunnar í þá veru að Rússland teljist stórveldi og eigi

heimtingu á því að eiga slíkan sess í alþjóðamálum. Æðsta markmiðið og stærsti draumurinn virðist vera að Bandaríkin líti á Rússland sem jafningja.

Í þessum efnum hefur Putin stjórnin árum saman verið afar ófullnægð og fundist Rússland hornreka. Jafnframt hafi Bandaríkin að þeirra mati farið fram með hroka og einhliða stefnu án tillits til rússneskra hagsmuna og tilfinninga. Þetta hefur einkum átt við Balkanskaga og Miðausturlönd sem og Líbíu – og svo auðvitað í Georgíu og Úkrænu.

Rússlandsstjórn var alfarið andvíg stuðningi vesturlanda við uppreisnina í Sýrlandi og studdi eindregið að Assad, Sýrlandsforseti og skjólstæðingur Rússa, sæti áfram. Með hernaðaríhlutuninni, sem hófst haustið 2015 ætluðu Rússar að skáka vesturlöndum, en einkum Bandaríkjunum, fá aukin áhrif í alþjóðamálum og í Miðausturlöndum. Rússar skyldu verða ómissandi þegar kæmi að friðarsamningum í Sýrlandi. Þeir yrðu gerðir með skilmálum Rússa og Vesturlönd skyldu setta sig við að Assad yrði áfram við völd, svo lengi sem Moskvustjórnin vildi að minnsta kosti.

Með hernaðaríhlutuninni í Sýrlandi fékk Rússlandsstjórn sæti við borðið, eins og má kalla það, í Sýrlandi og engin niðurstaða virðist nú möguleg þar án þáttöku og samþykkis hennar og þannig að Assad sitji áfram, að minnsta kosti svo lengi sem Rússar vilja svo hafa. Jafnframt þessu hafa þeir treyst stöðu sína að öðru leyti í Miðausturlöndum. Þeir líta einnig svo á að vegna íhlotunarinnar hafi verið komið í veg fyrir að Bandaríkjamenn steypu Assad eins og þeir steypu Gaddafi Líbýuleiðtoga. Þar með hafi Rússar komið í veg fyrir þróun mála sem hefði enn frekar grafið undan stöðuleika í Miðausturlöndum. Loks hafi hernaður Rússa í Sýrlandi átt stóran þátt í að Íslamska ríkið sé á undanhaldi.

Að hluta tengist íhlotunin í Sýrlandi leit rússneskra valdhafa og elítunnar að nýjum grunni fyrir sjálfsvirðingu lands og þjóðar eftir fall sovéska heimsveldisins. Annað, sem kemur til og skiptir valdhafana máli, er að nota íhlotunina til að styrkja álit þeirra heima fyrir og efla stuðning almennings við ráðandi öfl og ríkisvaldið. Það virðist hafa gengið vel.

Þótt Putin hafi í desember 2017 lýst yfir sigri í Sýrlandi og tilkynnt um að hafist yrði handa um brottflutning rússneska flughersins og stuðningssveita þaðan, heldur stríðið í landinu áfram og sem fyrr með þáttöku flughersins. Hins vegar virðist ljóst að Rússum hefur tekist ætlunarverkið í aðalatriðum: að auka álit Rússlands, koma því að málefnum Miðausturlanda sem stórveldi og tryggja að skjólstæðingur þeirra verði áfram við völd. Með þessu hafa þeir einnig sýnt að bandamenn Rússa geta treyst þeim til að aðstoða sig og þá blasir við að rússnesk stjórnvöld hafa vilja til að beita hervaldi hiklaust þrátt fyrir mikið manntjón meðal óbreyttra borgara, sem vestrænar ríkisstjórnir ættu erfitt með að fá stuðning

við heima fyrir, hefðu þær á annað borð þennan vilja. Önnur hlið mála lýtur að því hvernig og hvenær Rússar geti losnað frá Sýrlandi og jafnframt tryggt Assad áfram við völd. Það á eftir að koma í ljós en ekki er útilokað að Rússar séu að festast í Sýrlandi og muni verða að styðja hernaðarlega við Assad í mörg ár.

Hernaðarhlutunin í Sýrlandi hefur sýnt að Rússar geta að vissu marki stundað hernað utan áhrifasvæðisins, að minnsta kosti þegar engin er fyrirstaðan af hálfu Bandaríkjanna. Við bætist að í Sýrlandi hafa andstæðingar Rússa og Assads engar loftvarnir sem heitið geti. Íhlutunin sjálf er eftir sem áður takmörkuð að umfangi og nær ekki til rússneskra landhersveita nema að því leyti að slíkar sveitir gæta öryggis bækistöðva Rússa í Sýrlandi. Þá mun eitthvað sérsveitalið aðstoða sýrlenska stjórnarherinn auk þess að sjá rússneska flughernum í landinu fyrir nauðsynlegum upplýsingum um skotmörk.

### **Horfur í samskiptum við vesturlönd**

Vegna tengsla áhrifasvæðisins við varðveislu ríkisvalds og stöðugleika í Rússlandi snertir Úkrænudeilan grundvallaröryggi Rússlands að mati Kremlarherra og ekki líkur á að þeir skipti um kúrs í því máli. Í deilunni kristallast grundvallarágreiningur Rússa og vesturlanda, sem lýtur að gildismati og meginreglum um sjálfstæði og fullveldisrétt ríkja sem Rússar fyrir sitt leyti líta svo á að séu á áhrifasvæði þeirra og grundvallaratriði í öryggisstefnunni.

Viðskiptaþvinganir vesturlanda munu ekki breyta stefnu Rússlands varðandi Úkrænu og Krím. Rússlandsstjórn mun ennfremur áfram standa gegn aðild ríkja á áhrifasvæðinu að NATO og ESB og reyna eftir megni að veikja þessi samtök einkum með því að freista þess að skapa óeiningu innan þeirra um stefnuna gagnvart Rússlandi og áhrifasvæðinu.

Ekkert hefur gengið að koma í framkvæmd svonefndu Minsk samkomulagi frá 2015 um frið í Úkrænu. Rússar standa sem fyrr á því, og hafa samkomulagstextann vissulega til vitnis um það, að boltinn sé fyrst og fremst hjá Úkrænum. Þeim beri að gera ýmsar ráðstafanir, ekki síst að breyta stjórnarskrá landsins, áður en komi að þeirri eftirgjöf Rússa að láta stjórnina í Kiev fá aftur yferráð yfir austurlandamærunum að Rússlandi. Opinberlega tala rússnesk stjórnvöld auðvitað ekki um útsendara sína í Úkrænu - hermenn og aðra - enda eru þeir opinberlega ekki til og á þá er auðvitað hvergi minnst í Minsk samkomulaginu.

Hvað sem því líður er það svo að þegar kemur að Minsk samkomulaginu er fíllinn í herberginu Úkræna, nánar tiltekið að ríkið virkar ekki nema að takmörkuðu leyti og býr við mikla veikleika í efnhagslegu, pólitísku og stjórnarfarslegu tilliti. Stjórnmalakerfið virðist ekki geta tekið nauðsynlegar ákvarðanir um efndir á Minsk. Það er í pattstöðu að þessu leyti meðal annars vegna valdamikilla aðila og klíka sem byggja sterka stöðu sína endanlega á gerspílltu stjórnkerfi og stjórnmalakerfi landsins. Umbætur þar að lútandi virðast ganga seint eða ekki.

Rússar gætu vafalítið beitt meira en þeir gera áhrifum sínum á leiðtoga uppreisnarmanna varðandi framkvæmd vopnahlésins, og það kynni að létta stjórninni í Kiev róðurinn en þetta er ekki aðalatriði. Tilskilinn meirihluti er ekki til staðar á þingi Úkrænu til að gera þær breytingar á stjórnarskránni sem Rússar krefjast og gert er ráð fyrir í Minsk samkomulaginu. Ef reynt yrði að ýta málinu í gegn á þingi mundi það leiða til mikilla pólitískra átaka og jafnvel upplausnar. Veikleikar Úkrænu blasa vitanlega við Rússlandsstjórn - bæði innri veikleikar og skortur á ápreifanlegum stuðningi utan frá.

Rússlandsstjórn hefur tögl og hagldir í Úkrænudeilunni og þá stjórn á atburðarásinni sem henni hentar. Þótt stjórnarskrárbreyting gangi ekki í gegn hafa Rússar samt sem áður neitunarvald yfir stefnu Úkrænu með því að viðhalda stríði og ágreiningi í austurhluta landsins. Meðan svo er kemst Úkræna lítt eða ekkert áfram í átt til aðildar að NATO eða ESB.

Til viðbótar Úkrænudeilunni hefur hernaðaríhlutun Rússa í Sýrlandi og stuðningur við Assad auðvitað einnig haft neikvæð áhrif á samskipti vesturlanda og Rússlands og aukið enn á erfiðleika í samskiptunum. Auk ólíkra hagsmuna þessara aðila í stríðinu þá blasir við að þótt Rússar segist vera að herja á hryðjuverkamenn eru almennir borgarar fórnarlömb loftárása rússneska flughersins. Og rússnesk stjórnvöld beita neitunarvaldi hvað eftir annað í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir hönd Assads forseta í átökunum.

Þegar horft er fram á við vaknar spurningin um hve miklu Putin ræður og að hve miklu leyti stefnan ræðst af honum. Staða hans er vissulega sterk og áhrif eftir því, en á móti kemur að lykilákvæðanir á tímabilinu sem er til skoðunar eiga sér allar rætur sem finna má í rússneskri sögu löngu fyrir valdatíð Putins.

Tímabilið fram að 2003, sem segja má að hafi í aðalatriðum einkennst af vilja af hálfu Rússa til samstarfs við Vesturlönd og af sívaxandi samstarfi þarna á milli, er því kafli sem má skoða sem fráhrarf frá sögunni. Það er til marks um hve djúpstæðar breytingar þyrfti innanlands til þess að stefnan breyttist í grundvallaratriðum.

Enn hefur aukist sú tortryggni og andúð í garð vesturlanda en einkum Bandaríkjana, sem varð sífellt meira áberandi í utanríkistefnu Rússlands á árunum 2003-2014. Ítarlegar nýlegar ræður Putins um utanríkis - og öryggismál - fyrst í nóvember 2017 og síðan í byrjun mars 2018 – endurspegla þetta með skýrum hætti. Það er setið um Rússland af hálfu vesturveldanna sem freista þess að grafa undan hagsmunum þess og öryggi með aðstoð innlendra afla. Um þessa sýn sameinast ráðandi öfl og stór hluti almennings.

Andranik Migranyan er prófessor við alþjóðastjórnmalastofnunina í Moskvu, sem heyrir undir rússneska utanríkisráðuneytið. Hann birti nýlega grein á virtum bandarískum netmiðli um ræðu forsetans frá byrjun mars, sem fyrr er nefnd. Í geininni segir Miganyan að leiðtogar Rússlands sem og helstu þarlendir sérfræðingar í alþjóðamálum líti svo á að Bandaríkin stefni að því að skáka Rússlandi, einangra það, veikja efnahagslega og ná hernaðarlegum yfirburðum, einkum með eldflaugavarnakerfum. Einnig sé reynt að skapa óánægju meðal almennings, reka fleyg milli hans og stjórnvalda í þeim tilgangi að fella þau og koma að í staðinn aðilum sem fari að vilja Bandaríkjana. („*Putin is not bluffing about confronting the West*“, **The National Interest**, 9. mars 2018)

### *Trump stjórnin*

Að svo miklu leyti sem raunverulegar væntingar voru uppi á æðstu stigum í Rússlandi þegar Trump stjórnin tók við að hún mundi breyta stefnu Bandaríkjana og gefa eftir til að bæta samskiptin, þá hefur ekkert ræst í þeim efnunum. Þótt Trump hafi hugsanlega viljað leggja á sig til að bæta samskiptin við Rússa, var reyndar heldur óljóst hvað það gæti verið nákvæmlega.

Deilumál Rússlands og Bandaríkjana hurfu ekki við það eitt að nýr forseti tæki við. Áfram eru til staðar mjög ólíkir hagsmunir þessara ríkja og ólík sýn á grundvallarreglur í stjórnmalum og alþjóðamálum. Mjög hörð stefna í garð Rússa er áfram uppi í báðum flokkum á Bandaríkjaþingi.

Trump hafði áður en hann varð forseti uppi stefnu um að stórefla bæri Bandaríkjaher og hún er að koma til framkvæmda. Það kætir ekki Kremlverja því þeir vita full vel hversu mikla yfirburði bandaríski herinn hafði þegar fyrir tíð Trumps yfir hinn rússneska. Framlög í Bandaríkjunum til hermála eru margfalt hærri en í Rússlandi. Einnig þrýstir Trump á að önnur NATO ríki auki útgöld til hermála, sem breikkar bilið milli Rússlands og bandalagsins enn frekar en orðið er. Ennfremur ætlar Trump að halda eldflaugavarnaáætlunum til streitu, nokkuð sem í áratugi hefur verið fleinn í holdi rússneskra ráðamanna og sovéskra fyrirrennara þeirra, sem töldu þessar fyrirætlanir til marks um að

Bandaríkin ætluðu að ná hernaðarlegum yfirburðum. Hvað varðar Úkrænudeiluna hefur Trump ákveðið að láta stjórnarhernum í té vopn, sem, þótt það sé ekki í neinu því magni að breyti stöðunni í átökunum, felur í sér stefnubreytingu frá Obama stjórninni, sem hélt að sér höndum í þessu efni.

Að því leyti sem virtist að Trump vildi bæta samskiptin við Moskvu kom fljótt í ljós, sem búast mátti við, að valdamiklir aðilar á Bandaríkjaþingi mundu setja sig gegn hugsanlegum tilslökunum. Þingið hefur ekki breytt ákvörðunum um þvinganir á hendur Rússlandi, þvert á móti. Einnig lenti forsetinn í vörn varðandi samskiptin við Rússland vegna þrýstings á hann um að upplýsa um hugsanlega viðskiptahagsmuni hans og fyrirtækja hans í Rússlandi. Við bætast grunsemdir um leynimakk milli Rússa og forsetaframboðs Trumps og yfirstandandi rannsókn í því efni, meint afskipti rússneskra stjórnvalda af forsetakosningunum 2016.

Trump stjórnin hefur ekki breytt stefnu Bandaríkjanna gagnvart Rússlandi í neinu grundvallaratriði. Vegna framferðis Rússlands undanfarin ár er Rússum lýst í nýlega útgefinni þjóðaröryggisstefnu stjórnarinnar sem megin andstæðingum Bandaríkjanna – ásamt Kínverjum - í endurvakinni samkeppni stórvelda eins og það er kallað.

### *Tölvu- og netárásir og undirróður á samskiptamiðlum*

Að undanfögnu hefur mjög verið fjallað í fjölmiðlum og sérfræðiritum um hvernig rússnesk stjórnvöld noti alnetið, samfélagsmiðla og aðrar leiðir til að koma á framfæri villandi upplýsingum og stunda annan undirróður til að hafa áhrif á umræðu og kosningar á vesturlöndum. Þar á meðal eru forsetakosningarnar í Bandaríkjunum 2016. Þá hafa meintar tölvuárásir eða „hakk“ (hacking) á vegum rússneskra stjórnvalda verið mjög í fréttum og til umræðu einnig vegna grunsemda um afskipti þeirra af stjórnámálum í öðrum ríkjum, einkum þó bandarísku forsetakosningunum. Loks hafa verið upp fyrirferðarmikil mál og fréttir af morðum og tilræðum í Bretlandi á Rússum búsettum þar, sem rússnesk stjórnvöld hafi átt í útistöðum við. Afleiðing þeirra mála hefur leitt til enn frekari spennu og erfiðleika en fyrir voru í sambúð vesturlanda við Rússland.

Rússnesk stjórnvöld neita aðild að þessum málum öllum, en tölvu- og netárásir, sem eiga rætur að rekja til Rússlands og beint hefur verið gegn ýmsum vestrænum ríkjum, munu hafa verið til staðar um margra ára skeið. Almennt er tilgangurinn að hafa áhrif á umræðu og mótun almenningsálits og yfirleitt talið

að rússnesk stjórnvöld séu að baki sem og að þau noti í vaxandi mæli net og tölvuárásir.

Mjög umtalað dæmi um undirróður Rússlandsstjórnar lýtur að fullyrðingum öryggis- og leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna um að hún hafi verið að baki þegar hakkarar brutust inn í bandarísk tölvukerfi í þeim tilgangi að veikja Hilary Clinton mótframbjóðanda Trumps. Reyndar er beinlínis haldið fram af hálfu bandarískra upplýsinga- og njónastofnana að rússnesk stjórnvöld hafi fyrirskipað tölvuárásirnar. Bandarísku stofnanirnar hafa ekki fært fram sannanir fyrir fullyrðingum um netárásir Rússlandsstjórnar og bera fyrir sig öryggisástæður.

Trump kvaðst telja, eftir að forsvarsmenn stofnananna upplýstu hann um hvað þær hefðu fyrir sér, að rússnesk stjórnvöld hafi verið að verki þótt ekki hafi það haft áhrif á niðurstöðu kosninganna. Í yfirlýsingu Trumps um málið sagði að „Rússland, Kína, önnur ríki, utanaðkomandi hópar og einstaklingar“ reyni stöðugt á netöryggi hjá stjórnvöldum, fyrirtækjum og samtökum í Bandaríkjunum. Jafnframt sagði forsetinn að bregðast yrði hart gegn „hakki“. Hann hefur síðan dregið úr og meðal annars sagst virða neitun Putins á sök í málinu í þeirra samtali á fundi í júlí 2016.

Annað mál lýtur að því að rússnesk stjórnvöld hafi reynt í gegnum upplýsingatækni og samfélagsmiðla að hafa áhrif á bandarísku forsetakosningarnar. Kæra hefur verið lögð fram í Bandaríkjunum vegna þessa á hendur einstaklinga og fyrirtækja í Rússlandi. Pompeo, forstjóri bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, og nú kandídat Trumps í embætti utanríkisráðherra, hefur sagt að þessir aðilar hafi haft tengsl við Rússlandsstjórn. („Pompeo on Putin claim Kremlin was not involved in meddling: ‘That’s false’“, **The Hill**, 11. Mars 2018) Það er í takt við orðalag í fyrri álitum upplýsinga og eftirlitsstofnana Bandaríkjanna.

Að stunda undirróður utanlands er í samræmi við stefnu Rússlandsstjórnar og lykilhagsmuni sem og við þá skoðun stjórnvalda að vesturlönd reyni að valda óstöðugleika á áhrifasvæðinu og ná ítökum í ríkjum á því um leið og reynt sé að ala á óánægju og sundrunu í Rússlandi sjálfu. Það er vel hugsanlegt að vegna ýmissa veikleika Rússlands samanborið við vesturlönd – hernaðarlega, pólitíska og efnahagslega – leggi rússnesk stjórnvöld meira en ella væri upp úr undirróðri. Þeim finnst freistandi að nota nýja möguleika á þessu sviði vegna nýrrar og ódýrrar tækni og beiti því í vaxandi mæli tölvu- og netárásur, falsfréttum, „auglýsingum“ á samfélagsmiðlum og öðrum undirróðri byggðum á tölvu og upplýsingatækni til að ná markmiðum utanlands.

Sama skýring kann að eiga við aukinn áhuga á svonefndum blönduðum hernaði (hybrid warfare), sem er pólitískur og venjulegur hernaður í bland við tölvu- og



netárásir, falskar upplýsingar, falsfréttir o.s.frv. Rússar liggja undir grun um stóra tölvu og netárás á Eistland, stjórnkerfi þess og fjármálakerfi, á árinu 2007 og einnig um að hafa hakkað inn í tölvukerfi varnarmálaráðuneyti Danmerkur og Þýskalands.

Ávinningur Rússa af tilraunum með tölvu og upplýsingatækni til að hafa áhrif á stjórnmal og kosningar er hins vegar harla óljós, að minnsta kosti hvað vesturlönd varðar. Þetta eru öflug lýðsræðisríki sem búa við sterkar stofnanir og innanlandsstöðugleika. Slík atriði virðast greinilega torvelda árangur. Enginn heldur því fram í alvöru að Rússar hafi haft áhrif á kosningarnar í Bandaríkjunum 2016. Verkefnið er enda stórt. Til dæmis mun forsetakosningabaráttan í Bandaríkjunum 2016 hafa kostað sjóði frambjóðendanna samtals 2.4 milljarða dollara en áðurnefndri ákæru er talið að Rússar hafi varið um 12 milljónum dollara á sama tíma til að hafa afskipti af kosningabaráttunni.

Þá ber að hafa í huga að þótt Rússar hafi beitt blönduðum hernaði með vissum árangri á stöðum eins og Úkrænu hafa vegið miklu þyngra eldri og venjulegri aðferðir. Þar munar mest um þungvopnað herlið og sérsveitir.

Bandarískar upplýsinga- og njósnastofnanir telja samt að Bandaríkjunum og bandamönnum þeirra standi ógn af Rússlandi (ásamt Kína, Norður Kóreu og Íran) á sviði tölvu og upplýsingatækni á ýmsum sviðum. Rússnesk stjórnvöld muni áfram standa að aðgerðum af þessu tagi, sem miði að því að styðja við pólitísk og hernaðarleg markmið þeirra.

Í þessu samhengi öllu má einnig nefna að Bandaríkjamenn segja að á undanförunum árum hafi kafbátar og njósnaskip rússneska flotans í auknum mæli sýnt áhuga á fjarskiptaköplum í sjó. Borið hefur á ótta við að kæmi til átaka mundu Rússar reyna að rjúfa kaplana.

## **Hernaðargeta**

Rússar eiga stóran kjarnavopnahafla og standa í aðalatriðum jafnfætis Bandaríkjunum að þessu leyti. Segja má að hér sé að finna leifarnar af sovéska risaveldinu og hið eina sem geri Rússland að stórveldi á alþjóðavísu. Það lýtur þó fremur að mikilvægu stöðutákni en pólitísku eða hernaðarlegu notagildi, því kjarnavopn eru þrautavari (last resort). Þannig er það í stefnu Rússlands þar sem kjarnavopnin standa undir almennri hótun um að þau yrðu notuð gegn tilvistarógn við ríki og þjóð.

Á undanförunum árum hafa rússneskir ráðamenn reglulega minnt á að Rússland sé kjarnavopnaveldi. Gjarnan er litið svo á þær yfirlýsingar endurspegli vitund um veikleika Rússlands að öðru leyti, jafnt hernaðarlega sem efnahagslega. Hér sé á ferðinni viðleitni til að reyna að tryggja að komið sé fram við Rússland sem stórveldi þrátt fyrir veikleikana og að borin sé tilhlýðileg virðing fyrir rússneskum hagsmunum og sjónarmiðum.

Til marks um mikilvægi kjarnavopna að þessu leyti er að í ræðu yfir Rússlandsþingi 1. mars 2018 kynnti Putin nýjar gerðir kjarnavopna sem mundu komast í gegnum hvaða bandarískar eldflaugavarnir sem væri og ná til skotmarka sinna. Nú er það svo að Bandaríkin eiga ekki og munu ekki eiga eldflaugavarnarkerfi sem hrinda mundu árás frá Rússlandi, sem á samkvæmt samningi við Bandaríkin og til jafns við þau nú rúmlega 1400 langdræg kjarnavop. Tækni sem breyti þessu er ekki fyrirsjáanleg. Bandarísk stjórnvöld hafa ítrekað bent á hið augljósa, sem er að núverandi kerfi mundu alls ekki ráða við árás frá Rússlandi. Það sé enda ekki ætlunin heldur sé þeim beint gegn ríkjum eins og Íran og Norður Kóreu sem eigi fá kjarnavopn.

Rússneskir ráðamenn virðast hins vegar líta svo á að fyrst Bandaríkjamenn hafi fyrir því með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði að koma upp eldflaugakerfum hljóti það að endurspeгла langtímamarkmið um yfirburði í skjóli eldflaugavarna hvað sem líði tæknilegum annmörkum nú um stundir.

Endurnýjun og öryggi kjarnorkuheraflans hefur forgang þegar kemur að útgjöldum til hermála líkt og kom skýrt fram í fyrrnefndri ræðu forsetans. Í öðru ávarpi hans nýlega - í nóvember 2017 - kom fram að kjarnavopnin væru nauðsynleg til að Bandaríkin og önnur vesturveldi bæru virðingu fyrir rússneskum hagsmunum. Það sæist af framkomu þeirra á hnignunarskeiði Rússlands, rússneska kjarnorkuheraflans og hersins að öðru leyti í kjölfar hruns Sovétríkjanna. Þá hafi NATO ríkin ítrekað farið sínu fram án nokkurs tillits til Rússa svo sem í Kósóvó stríðinu og varðandi stækkun NATO.

Rússland á sem fyrr segir rúmlega 1400 langdræg kjarnavopn sem eru til reiðu (deployed), og er það samkvæmt samkomulagi við Bandaríkin frá 2010, sem var gert til tíu ára um jafnan styrk beggja að þessu leyti. Rúmur helmingur rússnesku vopnanna mun vera í landeldflaugum, um 40% í kafbátaeldflaugum og um 3% eru vopn borin af flugvélum, einkum stýriflaugar. Óljóst er hve mörg skammdræg vopn Rússar eiga og engir samningar taka til. Þau gætu verið nokkur þúsund talsins, en eru vissulega ekki talin í neinum tölum líkum þeim sem áttu við á Sovéttímanum. Þá voru skammdrægu eða taktísku vopnin álitin vera samtals allt að 25 þúsund.

Tölur yfir útgjöld rússneska ríkisins til hermála eru á nokkru reiki eftir hvar borið er niður. Rússar virðast vera í 4.-6. sæti í heiminum í þessu efni, verja til hermála jafnvirði um 50-70 milljarða dollara á ári. Þeir eru þar með á svipuðu róli og Bretland, Indland, Frakkland og Sádi Arabía. Útgjöld Bandaríkjanna í þessu efni eru hins vegar margfalt hærri en Rússlands eða um 600 milljarðar dollara og fara verulega hækkandi samkvæmt stefnu Trump stjórnarinnar þar

UM. (Sjá t.d. Wikipedia, **List of Countries by Military Expenditures 2017** – byggt á *Stockholm Peace Research Institute* og *International Institute for Strategic Studies* og **Defense Spending by Country**, Global Fire Power, febrúar 2018).

### *Efnahagurinn og herinn*

Meirihluti af búnaði rússneska hersins er enn frá Sovéttímanum og það mun taka mörg ár að vinda ofan af tveggja áratuga vanrækslu og fjársveldi hersins eftir fall Sovétríkjanna. Að því hefur verið unnið frá árinu 2008 og varið hlutallslega miklum fjármunum til að endurnýja búnað hersins og efla að öðru leyti, en nú hægir á vegna efnahagsörðugleika. Þeir stafa af miklu verðfalli sem orðið hefur á olíu og gasi frá því er verðið var um 115 dollarar fatið í ársbyrjun 2014 til 65-70 dollara nú eftir að hafa farið niður fyrir 40 dollara 2014. Olía og gas standa undir rúmum helmingi ríkistekna í Rússlandi.

Efnahagur Rússlands er í vanda vegna alvarlegra undirliggjandi veikleika. Þeir lúta að því að Rússland lýtur valdboðsstjórn og er ekki réttarríki, spilling er mikil, framleiðni lítil, mjög óhagkvæmur ríkisrekstur er fyrirferðarmikill. Erlend fjárfesting er og hefur verið sáralítill, meðal annars vegna spillingar og þess að Rússland er ekki réttarríki. Síðast en ekki síst er þjóðarbúskapurinn og ríkisfjármálin afar háð útflutningi á olíu og gasi. Olíuverð hefur fallið sem fyrr segir og margt bendir til að það hækki ekki að ráði. Það stafar ekki síst af mikilli og vaxandi vinnslu í Bandaríkjunum á olíu og gasi með leirsteinsbroti (fracking). Annar útflutningur en olía og gas er aðallega málmar og hergögn.

Enginn raunverulegur vilji virðist til þess hjá stjórnvöldum að taka á undirliggjandi vanda. Það er vegna þess að það fæli meðal annars í sér að grafið yrði undan stjórnarherrunum sjálfum og vinum þeirra og bandamönnum. Þá mundu þær róttæku breytingar sem nauðsynlegar eru óhjákvæmilega veikja tök stjórnvaldsins á þjóðarbúskapnum og samfélaginu, sem er ekki ætlunin. Óhagkvæmur ríkisrekstur verður áfram fyrirferðarmikill, auk þess að margháttáðar hömlur aðrar eru á samkeppni og framleiðni er slök.

Jafnvel þó olíuverð hækkaði verulega þá halda áfram í bráð og lengd áhrif fyrrnefndra veikleika. Þeir blasa við hverjum sem horfa vill og í alþjóðlegum samburði koma Rússar ekki vel út.

Rússneskur þjóðarbúskapur stendur undir einungis broti af heimsframleiðslunni. Hann virðist álíka stór og í Ástralíu og á Spáni, en Rússar eru rúmlega 140 milljónir. Þeir eru því um sex sinnum fleiri en Ástralir og rúmlega þrisvar sinnum fleiri en Spánverjar, en þjóðarframleiðslan álíka stór og hjá hinum.

Til að vinna bug á veikleikunum í þjóðarbúskapnum þarf meðal annars og ekki síst stóraukna innlenda og erlenda fjárfestingu og innflutning á erlendri tækni, en svo að það takist í nægum mæli þarf sem fyrr sagði að draga úr spillingu og koma á réttarríki og sönnu lýðræði. Ennfremur þyrfti auðvitað mjög bætt samskipti við vesturlönd. Þótt viðskiptaþvinganir þeirra gegn Rússlandi hafi ekki haft afgerandi áhrif á almennan rekstur þjóðarbúskaparins verður ekki unnt að breyta honum svo um muni nema þeim verði aflétt. Loks hefur Rússum hefur fækkandi og töluverður atgervisflótti er frá landinu.

Stöðnun einkennir rússneskt efnahagslíf og litlar líkur á að úr rætist að ráði. Af þessum sökum öllum eru hagvaxtartölur í Rússlandi fremur daprar, um eitt prósent á ári að meðaltali síðustu tíu ár, er hagvöxtur er nú um eitt og hálf prósent.

Hrun Sovétríkjanna átti meðal annars rætur í óhóflegum útgjöldum til hermála á kostnað velferðarmála og almennra kjara. Putin stjórnin virðist ekki ætla að endurtaka þau mistök því útgjöld til hermála fara lækkandi. Þau virðast hafa minnkað um 10% á árunum 2015-2017 og halda áfram að dragast saman 2018 um 5% að talið er. (Sjá t.d. „Russian defence budget expected to be cut by 5% in 2018“, **Jane's Defence**, 20. September 2017, „In 2018, Global Defense Spending Will Reach Highest Level Since Cold War“, **The National Interest**, 27. desember 2017 og Michael Kofman, „Starving Wolf No Longer: Can Russia Sustain Its Military?“, **Moscow Times**, 6. febrúar 2018.)

Rússneski herinn er lítill miðað við þann sovéska. Hann virðist telja milli 700 og 800 þúsund manns til taks (active). Stærsti hlutinn, landherinn telur um 350 þúsund manns. Markmiðið er að stækka hann, einkum með atvinnuhermönnum sem er talin forsenda þess að ná fram nauðsynlegum umbótum og aukinni færni. Sú leið er hins vegar mjög dýr. Vegna mikilvægis landhersins fyrir hagsmuni Rússa á áhrifasvæðinu fær hann forgang í nýrri áætlun um útgjöld til hermála fyrir árin 2018-2027 – ásamt kjarnorkuheraflanum og vörnum hans.

### *Hergagnaframleiðslan*

Við fyrrnefnda veikleika og þrönga stöðu hersins í fjárhagslegu tilliti, bætist að hergagnaframleiðslan er um margt óburðug. Hún er almennt eftirbátur vesturlanda í ýmsum mikilvægum hátekniefnum, og var það áður en þvingunaraðgerðir Vesturlanda komu til sögu 2014 í kjölfar Úkrænudeilunnar. Hergagnaiðnaðurinn er aðallega í höndum ríkisfyrirtækja,

sem eru í senn óhagkvæm, óskilvirk og spillt. Þá eru tafir á afhendingu hergagna mjög algengar og oft tefst árum saman.

Þótt þvingunaraðgerðir Vesturlanda hafi fremur lítið með almennar efnahagshorfur að gera þá bitna aðgerðirnar töluvert á sumum greinum, þar á meðal á hergagnaiðnaðinum, því þvinganirnar loka fyrir kaup á ýmsum erlendum hátæknibúnaði, sem þá þarf að vera án eða búa til heima fyrir. Að koma því af stað tekur tíma og kostar sitt auðvitað. Í sumum tilvikum mun þetta ekki gerlegt af því Rússar eru að ýmsu leyti aftarlega í hátæknilegum eignum. Þvingunaraðgerðirnar valda þannig því að minnsta kosti að þróun og smíði hergagna tekur lengri tíma en ella væri, og er þó hæggeng fyrir, og hún verður dýrari, nema menn sætti sig við lakari gæði vopnanna en ella.

### *Norðurflotinn*

Í kjölfar hruns Sovétríkjanna var Norðurflotinn ekki svipur hjá sjón miðað við Sovéttímamann. Þá var hann stór og virkur úthafinu á Norður Atlantshafi og hélt oft umfangsmiklar æfingar í nágrenni Íslands.

Þegar endurreisn rússneska hersins hófst um og upp úr 2008 fengu kaþbátasmíðar forgang, vegna mikilvægis þeirra fyrir kjarnorkuheraflann, sem og smíði smærri herskipa fyrir varnir hafsvæða nálægt Rússlandi. Því var ekki álitnið líklegt að Rússar mundu eiga úthafsflota að ráði fyrr en í fyrsta lagi um 2030. Jafnvel var efast um að það tækist vegna þess hve hægt skipasmíðar ganga hjá þeim. Nú hafa efnahagsörðugleikar bæst við og kjarnorkuheraflinn, landherinn og varnir nærsvæða hafa fengið enn frekari forgang en áður framyfir úthafsflotann þegar kemur að fjárveitingum.

Í Norðurflotanum eru innan við tíu stærri herskip, þ.e. flugvélamóðurskip, beitiskip, stærri freigátur og tundurspillar. Í ljósi efnahagslegra erfiðleika Rússlands sem og að þessi fáu úthafsskip eru frá Sovét tímanum og verða tekin úr notkun á næstu árum, mun úthafsflotinn minnka enn frekar. Kaþbátar eru sem fyrr segir undantekning enda eru eldflaugakaþbátar lykilþáttur í kjarnavopnaraflaum. Norðurflotinn mun nú ráða yfir 7 eldflaugakaþbátum og 17 kjarnorkuknúnum árásarkaþbátum. (Russia: Military Power, **Defense Intelligence Agency**, 2017, bls. 68-69.) Þeir síðarnefndu hafa það meginhlutverk að verja eldflaugakaþbátana, einkum á hafsvæðum á norðurslóðum. Á hættuáma og í átökum yrðu forgangsverkefni rússneska flotans - kaþbáta hans, herskipa og flugvéla - að að verja eldflaugakaþbátana og verjast árásum á Rússland úr lofti frá hafinu þ.e. frá flugvélum og frá stýriflaugum sem skotið væri úr flugvélum,

herskipum og kafbátum. (*The Russian Navy: Historic Transition*, Office of Naval Intelligence, desember 2015, bls. ix.)

Flestir kjarnorkuknúnu árásarkafbátar Norðurflotans eru frá Sovéttímanum. Aldurinn veldur því að þeir eru viðhaldsfrekir og talið er að í mesta lagi um helmingur þeirra sé nothæfur (operational) á hverjum tíma. Óhjákvæmilegt er að taka einhverja þeirra úr notkun á næstu árum og nýsmíði virðist ganga hægt. Því er líklegt að fækki enn frekar en orðið er í árásarkafbátaflotanum, þ.e. niður fyrir þá 17 báta sem hann ræður yfir nú. Í Norðurflotanum eru nú einungis tveir nýjir árásarkafbátar. Þeir eru af Yasen gerð og er stefnt að því að því smíða 6-7 slíka báta á næstu tíu árum. Reyndar tafðist í nokkur ár að taka fyrsta Yasen bátinn í notkun, en þessi gerð kafbáta er talin tæknilega mjög krefjandi og afar dýrt að smíða hann og halda gangandi.

Rússneski Norðurflotinn gæti orðið herjum NATO ríkja skeinuhættur í norðurhöfum tiltölulega nálægt Rússlandi. Það stafar meðal annars af því að Rússar eiga nokkuð öflugar loftvarnir og Norðurflotinn er búinn nákvæmari og langdrægari flugskeytum og stýriflaugum en áður. Sum þessara vopna má nota frá flugvélum, skipum og kafbátum staðsettum langt í norðri gegn skotmörkum á sjó og landi. Langdrægustu stýriflaugar flotans hafa allt að 1500 kílómetra flugþol, flaugar í flugvélum langdræga flughersins á bilinu tvö til fjögur þúsund kílómetra.

### *Langdrægar herflugvélar*

Rússar eiga langdrægar sprengjuflugvélar af gerðum sem sjást af og til yfir Norður Atlantshafi. Þangað fljúga þær frá flugvöllum langt inni í Rússlandi en með viðkomu á Kolaskaga. Að jafnaði hefur á undanförunum árum orðið vart við þrjár vélar á ári í nágrenni Íslands.

Talið er að samtals ráði rússneski herinn yfir um 70 langdrægum sprengjuflugvélum, 55 Tu-95 skrúfuþotum og 13 Tu-160 þotum. (*Arms Control today, Arms Control and Proliferation Profile: Russia*, mars 2018.) Langflestar þessara flugvéla eru frá Sovéttímanum. Ekki er talið að þær séu allar nothæfar til hernaðar á (operational), jafnvel að einungis helmingur þeirra sé það.

Þær bera aðallega stýriflaugar ýmist gegn skotmörkum á landi eða sjó og eru sumar hluti af kjarnorkuherafla Rússlands, aðrar hafa venjulega sprengjuhleðslu. Verið er að taka í notkun nýjar stýriflaugar sem geta borið kjarnavopn og eru tæknilega fullkomnari en fyrirrennararnir og hafa meira flugþol, eða allt að 4500 kílómetra.

Með viðhaldi og uppfærslum er stefnt að því að halda hluta af Tu-95 vélunum og TU-160 vélunum gangandi jafnvel í tvo áratugi í viðbót. Þróun og smíði nýrrar tegundar, PAK-DA, sem svo hefur verið nefnd, hefur dregist mjög og óljóst að því að virðist hvort og hvenær af smíði hennar verði. Því á að hefja aftur framleiðslu TU-160 og er þá um að ræða alveg nýja útgáfu að sögn rússneska flughersins, TU-160 M2. Gert hefur verið ráð fyrir að upp úr 2020 verði smíðaðar þrjár á ári, en þessi áætlun kann að breytast vegna minnkandi fjárveitinga til hermála í Rússland. Auk þess er gjarnan talið að erfiðleikar steðji að smíða- og framleiðsluferlinu meðal annars hvað varðar þróun og smíði hreyfla í TU-160 þoturnar og af þeim sökum ekki víst að takist að afhenda hernum þrjár á ári eftir 2020. Rússneskir flugvélasmiðir hafa lengi átt í erfiðleikum með að halda í við vesturlönd hvað varðar smíði þotuhreyfla.

Langdrægar sprengju og stýriflaugaflugvélar tengjast náið því markmiði að Rússland verði talið með stórveldum sem geti beitt sér í venjulegum hernaði fjarri heimalandinu. Þannig hafa Rússar notað langdrægar sprengjuflugvélar með stýriflaugar í átökunum í Sírylandi, þótt það hafi reyndar verið í litlum mæli. Það hefur samt vakið athygli og aukið álit á hernum, en auk Rússa hafa eingöngu Bandaríkjamenn getu af þessu tagi.

## **Norðurslóðir**

Rússar hafa um langa hríð haft veruleg hernaðarumsvif á vissum stöðum á norðurslóðum vegna fyrrgreindra grundvallarhagsmuna sem lúta að langdrægum kjarnavopnum í kaþbátum Norðurflotans. Þeim mun aðallega haldið úti í Barentshafi. Mikill meirihluti langdrægra rússneskra kjarnavopna í kaþbátum tilheyrir Norðurflotanum.

Einnig eru eins og fyrr segir flugvellir á Kolaskaga sem þjóna sem viðkomustaðir langdrægra flugvéla sem geta borið kjarnavopn. Þær sjást stundum í nágrenni Íslands.

Að auki mun svæðið hafa vaxandi þýðingu fyrir Rússa vegna aukinnar olíu og gasvinnslu og aukinna siglinga vegna bráðnunar hafíss af völdum hnattrænnar hlýnunar. Margt af þessu mun þó líklega taka langan tíma, nokkra áratugi í það minnsta.

Á síðustu árum hafa Rússar eflt herstyrk sinn í norðurhluta landsins og á eyjum undan norðurströndinni. Einnig hefur skipulag verið styrkt. Þannig var undir árslok 2014 komið á fót sérstakri yfirherstjórn fyrir norðurslóðir (The Arctic

Joint Strategic Command) sem er yfir Norðurflotanum öllum og stöðvum og hersveitum sem verið er að koma á laggirnar á eyjum í Íshafinu og í norðurhluta landsins frá Kolaskaga austur um. Samtals virðast verða 2 herfylki (brigade) á þessum stöðum, sem þýðir nokkur þúsund hermenn. Talað hefur verið um að áætlun um að efla rússneskan herstyrk á norðurslóðum eigi að vera komin til framkvæmda 2020.

Í opinberu ógnarmati Bandaríkjanna (National Threat Assessment) fyrir 2016 er markmiðum Rússa á norðurslóðum lýst sem almennum. Þar segir að Rússland muni næstum örugglega halda áfram að auka hernaðarlega viðveru með allri norðurströnd landsins til að bæta útvarnir ríkisins (perimeter defense) og tryggja yfirráð yfir efnahagslögsögunni. Þá sé næsta víst að Rússar muni halda áfram að leita alþjóðlegs stuðnings við kröfur sínar um landgrunnsréttindi í Íshafinu og halda fram rétti sínum til að stjórna skipaumferð um efnahagslögsöguna.

## **Hernaðarstefna Rússlands og staða Íslands**

### *Líkur á alvarlegum hættutíma í alþjóðamálum?*

Ekki er unnt að útiloka að komið geti til alvarlegs hættutíma í alþjóðamálum og jafnvel átaka milli Rússlands og Bandaríkjanna og annarra NATO ríkja. Þá er horft til þess að stríðið í Sýrlandi gæti hugsanlega þróast með slíkum hætti vegna þess að Rússland og Bandaríkin taka þátt í átökunum fyrir hönd ólíkra stríðandi aðila og því kann að skerast í odda milli stórveldanna, meðal annars og ekki síst vegna mistaka og árekstra flugherja þeirra yfir Sýrlandi. Í öðru lagi kynnu átökin milli stjórnvalda og aðskilnaðarsinna í austurhluta Úkrænu að stigmagnast, meðal annars í kjölfar hugsanlegs pólitísku öngþveitis og stjórnarkreppu, sem leiddi til enn frekari rússneskrar íhlutunar og líklega beinlínis til innrásar. Ennfremur gæti komið til átaka milli Rússlands og NATO vegna Eystrasaltsríkjanna.

Mest hefur verið horft í þessu sambandi til stöðunnar í samskiptum Rússlands og Eystrasaltsríkjanna og NATO hefur gripið til vissra varúðarráðstafana til að undirstrika skuldbindingar sínar í garð þessara bandalagsríkja. Almennt er þó talið ólíklegt að til átaka geti komið eins og nánar verður vikið að hér á eftir.



### *Staða Íslands*

Alvarlegur hættutími í alþjóðamálum gæti leitt til aukins hernaðarlegs viðbúnaðar og spennu á norðurlóðum vegna þess hvernig þær tengjast kjarnavopnajaðnvæginu milli Rússlands og Bandaríkjanna.

Meginhlutverk rússneska Norðurflotans í átökum yrði, sem fyrr segir, að verja eldflaugakafbáta á norðurlóðum, Rússland sjálft frá nærsvæðum þess og herbækistöðvar á Kolaskaga. Þar eru bækistöðvar kafbátanna og flugvellir fyrir langdrægar flugvélar búnar stýriflaugum. Eldflaugakafbátar Norðurflotans hafast einkum við í Barentshafi. Varnarlína þeirra vegna og bækistöðvanna á Kolaskaga mundi að líkindum ná inn í Noregshaf norðanvert og inn í nyrstu héruð Noregs, en til þess þyrfti vitanlega rússneska innrás og hernám.

Í átökum mundi rússneski Norðurflotinn reyna að koma í veg fyrir að herskip, kafbátar og flugvélar Bandaríkjahers og annarra NATO ríkja sæktu norður fyrir GIUK hliðið svonefnda (hafsvæðin milli Grænlands, Íslands, Færeyja og Bretlands) og áfram norður Noregshaf í átt að Norður Noregi, Kola skaga og Barentshafi.

Í átökum væru því grundvallarhagsmunir Rússa í húfi á norðlægum slóðum, þar á meðal á hafsvæðum norður og norðaustur af Íslandi. Þar yrði vettvangur átaka milli Rússlands og Bandaríkjanna og annarra NATO ríkja.

### *Rússland, NATO og Eystrasaltsríkin*

Ýmislegt í framferði rússneskra stjórnvalda gagnvart Eystrasaltsríkjunum hefur ásamt herskárri stefnu þeirra gagnvart Úkrænu, leitt til þess að Atlantshafsbandalagið heldur úti herssveitum nokkurra þúsunda hermanna frá Evrópuríkjum þess í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Það er gert í því skyni að fullvissa þau og Rússa um að staðið verði við varnarskulbindingar bandalagsins. Í sama tilgangi hafa bandarískar hersveitir verið sendar til Pólands.

Rússlandsher mundi að líkindum vinna nokkuð hratt og örugglega bug á herjum baltnesku ríkjanna og hersveitum NATO ríkja þar miðað við núverandi liðsstyrk þeirra. NATO ætti þó í krafti almennra yfirburða að ná Eystrasaltsríkjunum aftur á sitt vald en það mundi taka tíma og kosta verulegar fórnir.

Það er ef til vill ólíklegt að til þess kæmi að Rússlandsher hæfi stórinnrás í Eystrasaltsríki, líklegra að tekin yrði sneið af því til að láta reyna á staðfestu NATO. Það mætti og gera með lævísari hætti en innrás, þ.e. með koma af stað ólgu og óróa með undirferli af ýmsu tagi með stuðningi fólks sem tilheyrir rússneska minnihlutanum í þessum ríkjum. Einn möguleiki væri sá að í kjölfarið

kæmi hernaðaríhlutun, líkt og á Krím 2014, réttlætt með því að fólk af rússnesku bergi væri í hættu.

En þá ber að hafa í huga að staða rússneska minnihlutans í Eystrasaltsríkjunum er ólík því sem á við í Úkrænu, einkum hvað varðar lífskjör og réttindi. Rökin sem Rússlandsstjórn beitir til að réttlæta innlimun Krímar og stuðning við uppreisnarmenn í suðaustur Úkrænu og lutu að rússneska minnihlutanum og hættu sem hann væri í eru vart tiltæk hvað varðar Eystrasaltsríkin. Það breytir ekki því að Rússar hafa með vissum hætti afskipti af rússneska minnihlutanum og þar með innanlandsmálum í Eystrasaltsríkjunum, m.a. gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla og tengslum við félagsamtök fólks af rússneskum uppruna.

Í samanburði milli Úkrænudeilunnar og stöðu Eystrasaltsríkjanna þarf einnig að hafa í huga að íhlutun Rússa í Úkrænu kom í kjölfar byltingarástands í Kiev sem leiddi til þess forseti landsins hrökklaðist frá; var steypt af stóli að álitum Rússlandsstjórnar ekki síst fyrir tilstilli Vesturlanda, en einkum Bandaríkjanna.

Þá á íhlutunin í Úkrænu ríkar rætur í þeirri stefnu Putin stjórnarinnar að koma í veg fyrir hættu á óróa heima fyrir af því tagi sem varð Úkrænuforseta að falli. Síðast en ekki síst er Úkræna að álitum stjórnarherranna í Moskvu á áhrifasvæði Rússlands og íhlutunin er meðal annars og ekki síst gerð til að halda þeirri stöðu óbreyttri. Eystrasaltsríkin eru í NATO og því augljóslega utan þessa áhrifasvæðis og rússnesk stjórnvöld hafa enn sem komið er að minnsta kosti engin orð um annað. Það breytir þó ekki því að á undanförunum tveimur árum hefur Rússlandsher haldið margar og stórar heræfingar nálægt landamærum Eystrasaltsríkjanna til að minna á sig og nálægð rússneska hersins.

Þótt NATO hafi gripið til varúðarráðstafana vegna hættu á átökum við Rússa vegna Eystrasaltsríkjanna, er hún enn almennt talin lítil, enda vandséð hvað gæti rekið rússnesk stjórnvöld út í svo áhættusama aðgerð sem innrás eða önnur atлага að þessum NATO ríkjum væri. Staði bandalagið við sitt og gerði gagnárás mundu Rússar fara halloka vegna mikilla yfirburða NATO. Þetta vita rússnesk stjórnvöld og við bætist óhjákvæmileg hættu á stríðið leiddi til kjarnorkuátaka.

Harðni enn á dalnum í samskiptum NATO og Rússa er þó ekki unnt að útiloka alvarlegan hættutíma (crisis) meðal annars vegna Eystrasaltsríkjanna. Það beinir sjónum að ýmsum hugsanlegum þáttum sem við þær aðstæður geta stigmagnað deilur, valdið áhættusækni, og knúið atburðarás í átt til átaka.

## Niðurstöður

Helstu áhrifaþættir í utanríkisstefnu Rússlands, eins og hún birtist meðal annars í átökunum í Úkrænu, lúta annarsvegar að varðveislu ríkisvaldsins í Rússlandi og hins vegar að því að tryggja ítök á áhrifasvæði Rússa. Það nær til allra nágrannaríkja, það er allra fyrrverandi Sovétlýðvelda nema Eystasaltsríkjanna.

Áhrifasvæðið á sér ýmsar sögulegar og efnahagslegar skýringar en aðalatriði er að í Kreml er litið svo á að öryggi Rússlands sé háð stöðugleika á áhrifasvæðinu. Þar á meðal er að ríki á því gangi ekki ríkjum eða ríkjasamtökum utan svæðisins á hönd. Litið er á áhrifasvæðið sem stuðpúða í vörnum Rússlands gegn utanaðkomandi ógn.

Áhrifasvæðið og varðveisla ríkisvaldsins í Rússlandi eru nátengdir þættir þannig að óstöðugleiki á áhrifasvæðinu er talinn fela í sér hættu á óstöðugleika í Rússlandi sjálfu og ógn við ríkisvaldið. Ógn við þessa grundvallarhagsmuni flokkast undir tilvistarógn í augum rússneskra stjórnvalda.

Þess vegna hafa viðskiptaþvinganir sem vesturlönd hafa beitt Rússa í kjölfar innlimunar Krímar og íhlutunar í átökin í austurhluta Úkrænu ekki breytt stefnu Moskvustjórnarinnar og afar ólíklegt að þær eigi eftir að gera það.

Endanlegt markmið Rússa í átökunum í Úkrænu er að koma í veg fyrir aðild landsins að NATO og ESB. Ríki á áhrifasvæðinu njóta ekki fullveldis- og sjálfsákvörðunarréttur þegar kemur að ákvörðunum um utanríkis og öryggismál þeirra eins og hefur sést bæði í Úkrænu og Georgíu. Jafnframt áskilja rússnesk stjórnvöld sér íhlutunarrétt þótt þau tali ekki þannig opinberlega. Áhrifasvæðið veldur því grundvallarágreiningi milli vesturlanda og Rússlands um meginreglur í utanríkis- og alþjóðamálum.

Í Georgíu viðhalda Rússar spennu og ágreiningi innanlands til að koma í veg fyrir að landið geti fengið aðild að NATO og ESB. Í Úkrænu er markmiðið endanlega að stjórnarskrá landsins verði breytt þannig að héruðin og þar með fólk af rússnesku bergi, sem býr aðallega í Donbass héraði í austurhlutanum, fái í reynd neitunarvald yfir utanríkisstefnunni.

Með hernaðaríhlutun Rússa í borgarastyrjöldina í Sýrlandi er höfðað með árangri til þjóðernishyggju og þjóðernisstolts almennings í Rússlandi og rennt frekari stoðum undir valdastöðu elítunnar og þar með varðveislu ríkisvaldsins.

Með íhlutuninni er unnið því að fá Rússland viðurkennt sem stórveldi, en einkum jafningja Bandaríkjanna, og sýna fram á að engin lausn verði í Sýrlandi án samþykkis Rússa. Það hefur tekist með íhlutuninni að ná þeirri stöu, en miklu

skiptir í því efni að Bandaríkin hafa ekki beitt sér gegn henni nema að mjög takmörkuðu leyti.

Hvað skýrir það er ekki viðfangsefni þessarar ritgerðar, en væntanlega ræður miklu að frá sjónarhóli Bandaríkjanna lúta hvorki Úkraena né Sýrland að grundvallaröryggi Bandaríkjanna. Rússland er ekki og verður ekki arftaki Sovétríkjanna þannig að það eigi möguleika á að ná drottnandi stöðu í Evrópu og ógna öryggi Bandaríkjanna með svipuðum hætti og Sovétríkin í kalda stríðinu.

Rússnesk stjórnvöld líta svo á að vesturlönd, en einkum Bandaríkin hafi þá stefnu að skáka Rússlandi, einangra það, veikja efnahagslega, og reyna að ná hernaðarlegum yfirburðum. Þá sé reynt að skapa óánægju meðal almennings, reka fleyg milli hans og stjórnvalda í þeim tilgangi að skapa óstöðugleika til að fella stjórnina og koma að í staðinn aðilum sem fari að vilja Bandaríkjanna.

Horfur eru því á áframhaldandi mjög stíðum samskiptum Rússlands við Bandaríkin og önnur NATO ríki og jafnvel aukinni spennu. Ekki er unnt að útiloka alvarlegan hættutíma í samskiptunum, jafnvel átök, vegna Úkraenu, Eystrasaltsríkjanna eða vegna stríðsins í Sýrlandi.

Þótt Trump Bandaríkjaforseti hafi framan af hugsanlega viljað breyta áherslum í stefnu Bandaríkjanna til að bæta samskiptin við Rússa var aldrei skýrt hvað það gæti verið nákvæmlega. Og deilumálin hurfu ekki við það eitt að nýr forseti tæki við. Áfram eru til staðar mjög ólíkir hagsmunir þessara ríkja og ólík sýn á grundvallarreglur í stjórnámálum og alþjóðamálum.

Trump stjórnin hefur heldur ekki breytt stefnu Bandaríkjanna gagnvart Rússlandi í neinu grundvallaratriði. Þá stendur hún að verulegri hækkun á útgjöldum til hermála sem eykur enn almenna yfirburði Bandaríkjahers yfir þann rússneska og reyndar öll helstu ríki önnur. Vegna framferðis Rússlands undanfarin ár er því lýst sem megin andstæðingi Bandaríkjanna – ásamt Kína - í endurvakinni samkeppni stórvelda eins og það er kallað.

Efnahagslega er Rússland ekki stórveldi. Þjóðarbúskapurinn stendur einungis undir örlitlum hluta af heimsframleiðslunni. Hagvaxtarhorfur eru fremur daprar, bæði vegna þess hve mjög Rússar eru háðir útflutningi á olíu og gasi og vegna undirliggjandi vandamála, sem afar erfitt er fyrir valdhafana að bregðast við.

Rússland telst vart stórveldi í hernaðarlegu tilliti nema að því leyti að eiga kjarnorkuvopn. Þau þjóna þó illa eða alls ekki pólitískum markmiðum, en eru fyrst og síðast fælingarvopn og til þrautavara gegn tilvistarógn.

Vel er hugsanlegt að vegna ýmissa veikleika Rússlands samanborið við vesturlönd – hernaðarlega, pólitíska og enfahagslega – leggi rússnesk stjórnvöld meira en ella væri upp úr undirróðri til að reyna að veikja andstæðinga og styrkja sig í sessi. Möguleikar hafa opnast með ódýrri tækni til að beita í vaxandi mæli tölvu- og netárásum, falsfréttum, ”auglýsingum” á samfélagsmiðlum og öðrum undirróðri byggðum á tölvu og upplýsingatækni til að ná markmiðum utanlands. Meint afskipti rússneskra stjórnvalda af forsetakosningunum í Bandaríkjunum 2016 með undirróðri af þessu tagi hafa auðvitað haft neikvæð áhrif á samskipti þeirra við Rússland og lagt af mörkum til spennu milli þessara aðila.

Ávinningur Rússa af tilraunum með tölvu og upplýsingatækni til að hafa áhrif á stjórnámál og kosningar er hins vegar harla óljós, að minnsta kosti hvað vesturlönd varðar. Þá ber að hafa í huga að þótt Rússar hafi beitt blönduðum (hybrid) hernaði með vissum árangri á stöðum eins og Úkrænu hafa vegið miklu þyngra eldri og hefðbundnari aðferðir. Þar munar mest um þungvopnað herlið og sérsveitir.

Rússland er einungis svæðisbundið stórveldi, ef svo má kalla það, þegar litið er til venjulegra vopna. Hernaðargetan að þessu leyti er nægileg til að tryggja nauðsynleg ítök á áhrifasvæðinu og líklega einnig til að valda andstæðingi sem sækti að nágrenni Rússland eða landinu sjálfu verulegri áhættu og tjóni.

Rússneski herinn hefur verið efldur að búnaði á undanförunum árum eftir næstum tveggja áratuga vanrækslu í kjölfar falls Sovétríkjanna. Mikið af búnaði hersins er þó enn frá Sovéttímanum. Efnahagsörðugleikar í kjölfar verðfalls á olíumarkaði hafa nú leitt til minnkandi útgjalda til hermála og því hægir á endurnýjun.

Rússneski Norðurflotinn er lítill miðað við Sovéttímann og hefur takmarkaða möguleika til að athafna sig á úthafinu. Litlar líkur eru á að það breytist í fyrirsjáanlegri framtíð. Meginmarkmið hans er að verja hafsvæði nálægt Rússlandi með sérstakri áherslu á öryggi eldflaugakafbáta í Barentshafi og herbækistöðva á Kolaskaga. Viðbúið er að Norðurflotinn minnki enn frekar. Endurnýjun kafbáta hefur forgang og nýjar gerðir og uppfærðar eldri gerðir ráða yfir fullkomnari vopnum en flotinn hafði áður. Langdrægar flugvélar sem stundum fljúga suður á Norður-Atlantshaf eru áfram til staðar og verða að hluta endurnýjaðar.

Á norðurslóðum hafa Rússar ýmis almenn markmið með hernaðarlegum viðbúnaði og umsvifum, sem lúta að gæslu og yfirráðum þeirra yfir feiknastórri efnahagslögsögu og hagsmunagæslu utan hennar, sem og að ýmsum langtímahagsmunum.

Þá á hernaðarlegur viðbúnaður Rússa á norðurslóðum rætur í þeim grundvallarþætti í stefnu þeirra að tryggja ítök á áhrifasvæðinu og varðveita ríkisvaldið í Rússlandi og þar með öryggi lands og þjóðar.

Forgangsatridi í endurnýjun og uppbyggingu hersins sýna áherslu á að tryggja þessa hagsmuni. Annars vegar með nógu öflugum landher til að stjórnvöld í Moskvu geti haft nauðsynleg tök á áhrifasvæðinu þegar þurfa þyki. Hinsvegar með fælingarmætti langdrægra kjarnavopna.

Rík áhersla á að endurnýja eldflaugakafbáta og á að geta varið þá í norðurhöfum er til marks um hið síðarnefnda, en eldflaugar í þessum kafbátum eru stór hluti rússneska kjarnorkuheraflans. Þannig tengjast norðurslóðir afar mikilvægum strategískum hernaðarhagsmunum Rússlands og hafa gert allt frá áttunda áratug tuttugustu aldar.

Átök milli Rússlands og Bandaríkjanna eru almennt talin ólíkleg hvort heldur litið er til deilumála í Evrópu eða Miðausturlöndum. Ef alvarlegur hættutími yrði í alþjóðamálum gæti hann valdið spennu á norðurslóðum í samskiptum Rússa og Bandaríkjamanna vegna kjarnorkujafnvægisins og mikilvægra hagsmuna þar að lútandi á svæðinu. Í stríði yrðu hafsvæði norður og norðaustur af Íslandi vettvangur átaka milli Rússlands og Bandaríkjanna og annarra NATO ríkja. Í þeirri orrustu mundu Rússar reyna að verja úthaldssvæði eldflaugakafbáta Norðurflotans í Barentshafi og herbækistöðvar á Kolaskaga gegn sókn flota Bandaríkjanna og annarra NATO ríkja, og reyna að koma í veg fyrir að liðsauki bærisk til Norður Noregs frá NATO ríkjum.

## Heimildaskrá

*Eftirfarandi er skrá yfir ýmsar heimildir sem liggja að baki ritgerðinni:*

Roderick Lyne, „Russia’s Changed Outlook on the West: From Convergence to Confrontation“, í Keir Giles et. al., „The Russian Challenge“, **Chatham House Report**, júní 2015.

[https://www.chathamhouse.org/sites/files/chathamhouse/field/field\\_document/20150605RussianChallengeGilesHansonLyneNixeySherrWoodUpdate.pdf](https://www.chathamhouse.org/sites/files/chathamhouse/field/field_document/20150605RussianChallengeGilesHansonLyneNixeySherrWoodUpdate.pdf)

Olga Oliker et. al, „Russian Foreign Policy in Historical and Current Context: A Reassessment“, **Rand Corporation**, 2015.

<https://www.rand.org/pubs/perspectives/PE144.html>

Stephen Kotkin, „Russia's Perpetual Geopolitics: Putin Returns to the Historical Pattern“. *Foreign Affairs* May/June 2016.

<https://www.foreignaffairs.com/articles/ukraine/2016-04-18/russias-perpetual-geopolitics>

Dmitri Trenin, „A Five-Year Outlook for Russian Foreign Policy: Demands, Drivers, and Influences“. Carnegie Moscow Center, March 2016.

<http://carnegie.ru/publications/?fa=63075>

„The US Is Planning a 'Color Revolution' in Russia -- But Putin Is Ready“,

**Russia Insider**, 28. Febrúar 2016. <https://russia-insider.com/en/politics/us-planning-color-revolution-russia-putin-ready/ri13090>

Anthony H. Cordesman, „Russia and the “Color Revolution” - A Russian Military View of a World Destabilized by the US and the West“, **Center for Strategic and International Studies**, 28. Maí 2014.

<https://www.csis.org/analysis/russia-and-%E2%80%9Ccolor-revolution%E2%80%9D>

Sean Cannady, „Nationalism and legitimation for authoritarianism: A comparison of Nicholas I and Vladimir Putin“, *Journal of Eurasian Studies*, janúar

2014. <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1879366513000365>

„Putin: Russia to 'Do Its Best' to Avoid Color Revolutions at Home, Allies“, **Sputnik News**, 12. Apríl 2017.

<https://sputniknews.com/politics/201704121052552112-putin-russia-color-revolutions-csto/>

Katja Ruutu, The Concepts of State and Society in Defining Russia's Domestic Political Unity: A Research Note, **Europe-Asia Studies**, október 2017.

<https://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/09668136.2017.1378621>

John J. Mearsheimer, “Why the Ukraine Crisis Is the West's Fault“. *Foreign Affairs*, September/October 2014.

<http://mearsheimer.uchicago.edu/pdfs/Ukraine%20Article%20in%20Foreign%20Affairs.pdf>

Andrei Kolesnikov, „Frozen Landscape: The Russian Political System Ahead of the 2018 Presidential Election“, **Carnegie Endowment for International Peace**, 7. Mars 2018.

<http://carnegie.ru/2018/03/07/frozen-landscape-russian-political-system-ahead-of-2018-presidential-election-pub-75722>

„Russian defence budget expected to be cut by 5% in 2018“, **Jane’s 360**, 20. September 2017. <http://www.janes.com/article/74248/russian-defence-budget-expected-to-be-cut-by-5-in-2018>

„In 2018, Global Defense Spending Will Reach Highest Level Since Cold War“, **The National Interest**, 23. desember 2017. <http://nationalinterest.org/blog/the-buzz/report-2018-global-defense-spending-will-reach-highest-level-2376>

Pompeo on Putin claim Kremlin was not involved in meddling: ‘That’s false’, **The Hill**, 11. mars 2018. <http://thehill.com/homenews/administration/377817-pompeo-on-putin-claim-kremlin-was-not-involved-in-meddling-thats>

Council of Foreign Relations, **Russia, Trump, and the 2016 U.S. Election**, febrúar 2018. <https://www.cfr.org/backgrounder/russia-trump-and-2016-us-election>

International Security Advisory Board, Report on Arctic Policy, Department of State, september 2016. <https://www.state.gov/documents/organization/262585.pdf>

Russia Sends a Chilling Warning to America over Syria, **The National Interest**, 14. Mars 2018. <http://nationalinterest.org/blog/the-buzz/russia-sends-chilling-warning-america-over-syria-24908>

Aleksandr Khramchikhin, „Rethinking the Danger of Escalation: The Russia-NATO Military Balance“, **Carnegie Endowment for International Peace**, 25. Janúar 2018. <http://carnegieendowment.org/2018/01/25/rethinking-danger-of-escalation-russia-nato-military-balance-pub-75346>

„Russia-Eurasia“, **The Military Balance 2018**. <https://www.iiss.org/en/publications/military%20balance/issues/the-military-balance-2018-545f/mb2018-05-russia-eurasia-dcce>

Andrew Wood, Putin and Russia in 2018–24 What Next?, Chatham House, mars 2018. <https://www.chathamhouse.org/sites/files/chathamhouse/publications/research/2018-03-15-putin-russia-wood-final.pdf>

Anders Aslund, Here's What to Expect From Yet Another Putin Presidency, **Atlantic Council**, 16. Mars 2018. <http://www.atlanticcouncil.org/blogs/new-atlanticist/here-s-what-to-expect-from-yet-another-putin-presidency>

The Russian Navy: A Historic Transition, Office of Naval Intelligence 2015. <http://www.oni.navy.mil/Portals/12/Intel%20agencies/russia/Russia%202015print.pdf?ver=2015-12-14-082038-923>



Russia: Military Power, Defense Intelligence Agency 2017.

<http://www.dia.mil/Portals/27/Documents/News/Military%20Power%20Publications/Russia%20Military%20Power%20Report%202017.pdf>

Expertgruppen for forsvaret af Norge, Et felles løft, Forsvarsdepartementet 2015.

<https://www.regjeringen.no/globalassets/departementene/fd/dokumenter/et-felles-loft-webversjon.pdf>

Olga Oliker, Russia's Nuclear Doctrine, **Center for Strategic and International Studies**, maí 2016. [https://csis-prod.s3.amazonaws.com/s3fs-public/publication/160504\\_Oliker\\_RussiasNuclearDoctrine\\_Web.pdf](https://csis-prod.s3.amazonaws.com/s3fs-public/publication/160504_Oliker_RussiasNuclearDoctrine_Web.pdf)

„Restoring equilibrium: U.S. policy options for countering and engaging Russia“, **The Brookings Institution**, febrúar 2018.

[https://www.brookings.edu/wp-content/uploads/2018/02/fp\\_201802\\_russia\\_restoring\\_equilibrium.pdf](https://www.brookings.edu/wp-content/uploads/2018/02/fp_201802_russia_restoring_equilibrium.pdf)

„U.S. European Command“, **SENATE ARMED SERVICES COMMITTEE HEARING ON THE UNITED STATES EUROPEAN COMMAND, F.Y. 2019**. <http://www.eucom.mil/media-library/transcript/36273/senate-armed-services-committee-hearing-on-the-united-states-european-command-f-y-2019>

„National Defense Strategy of the United States of America“, **Department of Defense**, febrúar 2018.

<https://www.defense.gov/Portals/1/Documents/pubs/2018-National-Defense-Strategy-Summary.pdf>

Worldwide Threat Assessment of the US Intelligence Community, **Defense Intelligence Agency**, febrúar 2016.

[https://www.dni.gov/files/documents/SASC\\_Unclassified\\_2016\\_ATA\\_SFR\\_FINAL.pdf](https://www.dni.gov/files/documents/SASC_Unclassified_2016_ATA_SFR_FINAL.pdf)

Worldwide Threat Assessment of the US Intelligence Community, **Defense Intelligence Agency**, febrúar 2018.

<https://www.dni.gov/files/documents/Newsroom/Testimonies/2018-ATA---Unclassified-SSCI.pdf>

Dmitry Gorenburg, Russia's Military Modernization Plans: 2018-2027, Policy Memo 495, PONARS Eurasia, nóvember 2017.

<http://www.ponarseurasia.org/memo/russias-military-modernization-plans-2018-2027> Einnig stuðst við eftir sama höfund, Russian Military Reform: Tracking Developments in the Russian Military. <https://russiamil.wordpress.com/>

„Is Russia’s Submarine Force Dying a Slow Death?“, The National Interest, 10. nóvember 2017. <http://nationalinterest.org/blog/the-buzz/russias-submarine-force-dying-slow-death-23141>

Hans M. Kristensen & Robert S. Norris, „Russian nuclear forces 2017“, Bulletin of the Atomic Scientists, 28. Febrúar 2017. [https://fas.org/wp-content/uploads/2014/05/Mar-Apr-Russia\\_FINAL.pdf](https://fas.org/wp-content/uploads/2014/05/Mar-Apr-Russia_FINAL.pdf)

„The Future of Russian Strategic Bombers“, Intersection, 22. Mars 2017. <http://intersectionproject.eu/article/security/future-russian-strategic-bombers>

Maxim Starchak, „Russia’s Tu-160 Strategic Bomber Faces Development Problems“, Eurasia Daily Monitor, 10. apríl 2017 <https://jamestown.org/program/russias-tu-160-strategic-bomber-faces-development-problems/>

Michael Kofman, „The ABCs of Russian Military Power: A Primer for the New Administration“, The National Interest, 2. Febrúar 2017. <http://nationalinterest.org/feature/the-abcs-russian-military-power-primer-the-new-19299>. Einnig stuðst við eftir sama höfund, Russia Military Analysis, A Blog on the Russian Military (<https://russianmilitaryanalysis.wordpress.com/>)

Michael Kofman, „Starving Wolf No Longer: Can Russia Sustain Its Military? (Op-ed)“, the Moscow Times , 6. Febrúar 2018. <https://themoscowtimes.com/articles/starving-wolf-no-longer-can-russia-sustain-its-military-op-ed-60405>

„Meeting of the Valdai International Discussion Club!, **Office of the President of Russia**, 19. Október 2017. <http://en.kremlin.ru/events/president/news/55882>

„Presidential Address to the Federal Assembly“, **Office of the President of Russia**, 1. Mars 2018. <http://en.kremlin.ru/events/president/news/56957>

“Russia's Submarine Force Is Back: How Worried Should America Be?”, The National Interest, 5. Júlí 2016. <http://nationalinterest.org/blog/the-buzz/russias-submarine-force-back-how-worried-should-america-be-16858>

Keir Giles, Assessing Russia’s Reorganized and Rearmed Military, Task Force White Paper, Carnegie Endowment for International Peace, 3. maí 2017. <http://carnegieendowment.org/2017/05/03/assessing-russia-s-reorganized-and-rearmed-military-pub-69853>

„Russia and the 2016 U.S. Presidential Election: Laying Out the Publicly Available Evidence“ **Russia Matters**, 10. Mars

208. <https://www.russiamatters.org/analysis/russia-and-2016-us-presidential-election-laying-out-publicly-available-evidence>

„Fiona Hill on Russia: Insights and Recommendations“, **Russia Matters**, 14. Ágúst 2017. <https://www.russiamatters.org/analysis/fiona-hill-russia-insights-and-recommendations>

Michael Kofman, „Russian Military Buildup in the West: Fact Versus Fiction“, **Russia Matters**, 7. September 2017. <https://www.russiamatters.org/analysis/russian-military-buildup-west-fact-versus-fiction>

„Kissinger on Russia: Insights and Recommendations“, **Russia Matters**, 7. Júlí 2017. <https://www.russiamatters.org/analysis/kissinger-russia-insights-and-recommendations>